

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 21. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 26. maí 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Hjóla- og göngustígar, Fríða Björg Eðvarðsdóttir frá VSO Ráðgjöf mætir til fundarins.
3. Ársreikningur 2010, fyrri umræða.
4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til handa Hermanni Kristjánssyni til reksturs heimagistingar að Birkihrauni 12.
5. Fundargerð Skólanefndar dags. 9. maí.
6. Fundargerð Bygginganefndar dags. 16. maí.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 16. maí.
8. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 27. maí n.k.
9. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, beiðni um styrk vegna verkefnisins Bændur græða landið.
10. Fundargerð Skólanefndar dags. 23. maí.
11. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um stöðuleyfi.
12. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps, afgreiðslu var frestað á fundi 12. maí.
13. Trúnaðarmál.
14. Fundargerðir.

Til kynningar.

Fundargerð heilbrigðisnefndar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 11. maí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 14 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Hjóla- og göngustígar, Fríða Björg Eðvarðsdóttir frá VSO Ráðgjöf mætir til fundarins.

Til fundarins mætir Fríða Björg Eðvarðsdóttir. Hún sagði frá styrk sem VSO og Skútustaðahreppur fengu í vetur frá Ferðamálastofu kr. 900. þúsund sem ætlaður er til að skipuleggja hjólreiðastíga kringum vatnið. Vegagerðin hefur tekið jákvætt í að koma að verkefninu auk þess sem VSO Ráðgjöf er tilbúin að leggja verkefninu lið með vinnuframlagi, þá kæmi sveitarfélagið með einhverjum hætti að verkefninu. Væntingar eru til þess að þetta fjármagn dugi til að fyrir liggja, lega stofnstígs hjólaleiðar umhverfis vatnið. Hluti leiðarinnar getur verið aflagðir vegir og lagnaleiðir. Þess vinna yrði síðan innlegg inni í yfirstandandi aðalskipulagsvinnu og áætlað að henni verði lokið í september.

3. Ársreikningur 2010, fyrri umræða.

Til fundarins mætir Jón Ari Stefánsson og fór yfir ársreikninginn. Undir þessum lið mættu einnig skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélagsins, Gísli Árnason og Ellert Finnbogason. Að lokinni yfirferð var ársreikningnum vísað til síðari umræðu.

4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til handa Hermanni Kristjánssyni til reksturs heimagistingar að Birkihrauni 12.

Með bréfi dags. 12. maí, er óskað umsagnar sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til handa Hermanni Kristjánssyni til rekstur gistingar á einkaheimili að Birkihrauni 12.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Fundargerð Skólanefndar dags. 9. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er komið inná að formaður hafi kynnt jákvæð viðbrögð sveitarstjórnar um að skoða lengda viðveru 1.-7. bekkjar næsta vetur. Sólveig hefði gert grein fyrir því sem lýtur að lögum og reglum um lengda viðveru og skólaakstur. Skilja má það sem svo að biðtími og keyrsla nemenda skal ekki vera lengri að meðaltali en 120 mín á dag. Skólastjóri greindi frá því að hún hefði vitneskju um að skólar væru með eina heimkeyrslu og hefði hún því sent fyrirspurn til ráðuneytisins vegna þessa. Nefndin var sammála um að leggja ekki til neinar breytingar á tillögu skólastjóra frá því fyrr í vetur um tilhögun skólaaksturs næsta vetur. Nefndin var sammála um að ef að ráðuneytið teldi að það væri lagalegur grundvöllur fyrir einni heimferð og að ef rúmlega helmingur nemenda í 1-7. bekk nýtti sér þjónustu um lengda

viðveru næsta vetur verði lagt til að farin verði ein heimferð á dag skólaárið 2012-2013. Þá leggur skólanefnd til að gerð verði tilraun með að bjóða uppá lengda viðveru fyrir nemendur 1-7. bekkjar næsta vetur gjaldfrjálst. Viðveran verði í umsjón skólastjóra Reykjahlíðarskóla, frá lokum kennslu til 16:30 alla daga.

Í þriðja lið eru rædd málefni leikskólans. Fram kemur að könnun var gerð meðal foreldara leikskólabarna um opnunartíma leikskólans yfir sumarið. Umræðum og frekari úrvinnslu er frestað til haust.

Þá er rædd staða húsnæðismála. Þar segir að búið sé að taka ákvörðun í sveitarstjórn um að koma með hús inn á lóðina sunnan við viðbygginguna sem tengist núverandi húsnæði með tengibyggingu. Sveitarstjóri hafi tjáð leikskólastjóra að byggingin yrði til fyrir 1. júní, en enn væri ekkert farið að vinna á lóðinni. Skólanefnd óskar eftir frekari útskýringum á ákvörðun sveitarstjórnar, að hunsu tillögu nefndarinnar um húsnæði leikskólans án þess að óska eftir frekari útfærslum á hugmyndinni eða óska eftir annarri hugmynd, og ákveða án frekara samráðs við skólanefndina þá leið sem fara á. Það er ennþá trú og tillaga skólanefndar að farsælast sé að færa skrifstofu sveitarfélagsins og nýta allt húsnæði að Hlíðavegi 6 undir leikskólann. Benda megi á að nýta megi betur húsnæði sveitarfélagsins t.d. að Múlavegi 1. Nefndinni finnst það fyrirsláttur að það sé hægt að selja þessa einingu aftur og ekki það sem setja ætti í forgang heldur velferð barnanna nú og til framtíðar. Eins það, að annars sé hætt á að ekki verði byggður nýr leiksklóli við skólann, vera léttvæg rök í þessu máli sem snerti alla þætti sveitarfélagsins til frambúðar. Þá spyr nefndin hvort bygging nýs leikskóla hafi verið sett inn á fjárhagsáætlun og hvort sveitarstjórn telji að miðað við byggðapróun síðustu ára sé líklegt að byggður verði nýr leikskóli í náninni framtíð. Þá spyr nefndin hvort ekki væri betra að endurskipuleggja núverandi húsnæði sveitarfélagsins með betri nýtingu og hagræðingu að leiðarljósi í stað þess að hefja framkvæmd á „viðbyggingu“ á stöðuleyfi við núverandi leikskóla. Skólanefnd krefst þess að sveitarstjórn leggi allt kapp á að gera húsnæði fyrir leikskólann klárt fyrir 1. júní 2011.

Undir þessum lið óskar skólanefnd eftir því að skoðaður verði kostnaður við að halda úti gæsluvelli 3-4 tíma á dag á meðan á lokun leikskóla stendur.

Í fjórða lið, önnur mál segir skólastjóri frá starfsmannamálum næsta vetur.

Snarpar umræður urðu um fundargerð skólanefndar. Oddviti kvaðst hafa orðið orðlaus við lesturinn og telur rétt að benda skólanefndarmönnum á að nefndin er ráðgjafandi nefnd og á að veita umsagnir um málefni skólanna, það er ekki hennar að taka ákvarðanir og sveitarstjórn þarf ekki að að rökstyðja fyrir skólanefnd þær ákvarðanir sem hún tekur umfram það sem fram kemur í fundargerðum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri afgreiðslu sína á fundi 28. apríl, þar sem því er beint til skólanefndar að kanna hug foreldra til lengdrar viðveru barna í skólanum til 15:10. Sveitarstjórn hafnar því alfarið að lengd viðvera umfram það verði gjaldfrjálst. Í ljósi greininga skólastjóra á akstursþörf á fjölda nemenda í skólaakstri og breytinga sem kunna að verða í farvatninu telur sveitarstjórn rétt að framlengja núverandi aksturssamninga til eins árs.

Varðandi lið þrjú, nei sveitarstjórn hefur ekki sett byggingu nýs leiksklóla inn á fjárhagsáætlun af þeirri ástæðu að ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir því og íbúðapróun hefur verið með þeim hætti að ekki hefur þótt forsvaranlegt að

fara í slíka framkvæmd. Þá bendir sveitarstjórn á að fyrirhuguð bygging við leikskólann verður á byggingaleyfi en ekki stöðuleyfi.

Launakostnaður við að halda úti gæsluvelli í 3-4 tíma á dag miðað við einn starfsmann er kr. 150. þús. þ.e. laun og launatengd gjöld.

Dagbjört tók ekki þátt í umræðum um skólaaksturssamninga.

Böðvar leggur fram eftirfarandi bókun:

„Það er mitt mat að við afgreiðslu meirihlutar sveitarstjórnar á tillögu skólanefndar þann 14. apríl hafi sveitartjórn ekki verið að hundska tillögu skólanefndar í húsnæðismálum leikskólans Yls. Afgreiðsla sveitarstjórnar var önnur leið að megin tillögu skólanefndar þ.e. að hafa leikskólann undir einu þaki. Tillaga meirihluta sveitarstjórnar var gerð að höfðu samráði og með samþykki leikskólastjóra og með það að markmiði að húsnæðið yrði klárt 1. júní.“

6. Fundargerð Bygginganefndar dags. 16. maí.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 3.

201104009 - Erindi frá Jóhanni Gestssyni, Stórhóli 7, Húsavík

Jóhann Aðalgeir Gestsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við vélageymslu og að breyta henni í íbúðarhús. Vélageymslan stendur á nýstofnaðri íbúðarhúslóð úr landi Álftagerðis 4, Mývatnssveit. Húsið er stækkað um 10,5 m² og þaki lyft þannig að þar kemur viðbótarrými. Samtals verður húsið 89,5 m². Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Liður 4.

201104088 – Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni, Austurhlíð, Mývatnssveit

Pétur Snæbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 14, eftir breyttum teikningum. Fjallað var um málið á síðasta fundi en nú hafa borist nýjar teikningar af stærri húsum. Teikningar eru unnar af Haraldi S. Árnasyni á H.S.Á. teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið á þeim forsendum að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi.

Liður 5.

201105030 – Erindi frá Hlíð ferðaþjónustu ehf. Mývatnssveit

Gísli Sverrisson f.h. Hlíðar ferðaþjónustu ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 18,5 m² viðbyggingu, gámaeiningu, við gistiskála A-400.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindið verði samþykkt enda verði reykskynjarar samtengdir í samræmi við grein 110.21 í byggingarreglugerð.

Liður 6.

201105033 – Erindi frá Baðfélagi Mývatnssveitar hf.

Baðfélag Mývatnssveitar hf. sækir um byggingarleyfi fyrir forstofu við móttökuhús. Hlíðarveggir settir undir skyggni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að skilað verði inn fullnægjandi teikningum.

Liður 11.

201103047- Erindi frá Fuglasafni Sigurgeirs ses. Mývatnssveit

Erindið er tekið upp aftur eftir frestun á síðasta fundi.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi teikningum verði skilað inn til byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar. Varðandi lið fimm þá er sú afgreiðsla í er í samræmi við framkoman deiliskipulagstillögu sem nú bíður staðfestingar.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 16. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndin hafi farið yfir drög að nýjum samþykktum um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugöld í Skútustaðahreppi og vísi þeim til sveitarstjórnar til yfirferðar og samþykktar.

Í þriðja lið er samþykkt erindisbréf fyrir nefndina. Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Jóhanni Gestssyni þar sem hann óskar eftir tengingu við hitaveitu að tilvonandi húsi að Álftagerði 4 og beinir nefndin því til sveitarstjórnar að verða við erindinu.

Í fimmta lið leggur nefndin til við sveitarstjórn að orðið verði við erindi Jóns Inga og Sólveigar Erlu Hinriksbörnum um breytingu á aðalskipulagi.

Undir liðnum önnur mál leggur nefndin til að fyrirhuguðum kynningarfundum um sorpflokkun og förgun verði frestað til haust. Þá beinir nefndin því til sveitarstjórnar að fundinn verði framtíðarlausn á gámasvæðum sveitarfélagsins, þeim framkvæmdum væri hægt að áfangaskipta.

Að lokum segir í fundargerðinni að láðst hafi að bóka í síðustu fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar að á þeim fundi hafi mætt Ólafur H. Jónsson og kynnt hugmyndir að virkjunarframkvæmdum vestan Jarðbaðshóla. Honum hefði verið tjáð að ekki væri pólitískur vilji fyrir því að svo komnu máli og því yrði ekki tekið tillit til hugmynda hans í yfirstandandi aðalskipulagsgerð. Sveitarstjórn samþykkir fjórða og fimmta lið fundargerðarinnar. Aðrið liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

8. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 27. maí n.k.

Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 27. n.k verður Friðrik K. Jakobsson.

9. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, beiðni um styrk vegna verkefnisins Bændur græða landið.

Með bréfi óskar Landgræðslan ríkisins eftir styrk kr. 330. þús. frá Skútustaðahreppi vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Sveitarfélagið hefur mörg undanfarin ár komið að verkefninu. Sveitarstjórn samþykkir umbeðinn styrk.

10. Fundargerð Skólanefndar dags. 23. maí.

Í fundargerð skólanefndar eru teknar fyrir umsóknir um auglýsar kennarastöður við Reykjahlíðarskóla. Tvær umsóknir bárust frá Soffíu Kristínu Björnsdóttur og Önnu Rún Kristjánsdóttur. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verið til samninga við Soffíu Kristínu Björnsdóttur. Sveitarstjórn samþykkir að Soffía Björnsdóttir verði ráðin í starfið.

11. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um stöðuleyfi.

Með bréfi dags. 24. maí, óskar Héðinn eftir stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við Geiteyjarströnd 1. Um er að ræða fjórar einingar sem staðsettar eru norðan við núverandi vélageymslu og reykhus á Geiteyjarströnd 1. Sveitarstjórn hafði áður hafnaði stöðuleyfi á öðrum stað af skipulagsástæðum. Sveitarstjórn samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs.

12. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps, afgreiðslu var frestað á fundi 12. maí.

Sveitarstjórn samþykkir samþykktirnar.

13. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

14. Fundargerðir.

G-lisinn fer fram á að fundargerð sveitarstjórnar frá 14. apríl verði lögð fram á fundinum. Fundargerðin var lögð fram.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.